

# Ég græt heilu næturnar

Segir móðir sem á mikið veikan son. Annar sonur hennar tók sitt eigið líf og hún segist ekki geta umborið það ef veiki sonur hennar gerir það líka. Stundum hugsar hún samt hvað sé honum fyrir bestu. „Þetta er ekkert líf.“

**GEÐHJÁLP** „Sonur minn hefur verið á geðdeild síðustu vikur og þar líður honum vel. Honum leið vel hjá Geðhjálpi en eftir breytingar á starfsfólki fór þetta á verri veg,“ segir móðir manns sem var lengi hjá Geðhjálpi. Hún segist hafa kvartað undan aðstæðum sonar síns og í framhaldi af því hafi henni verið sýndur einstakur dónaskapur. Sonur hennar bað hana að koma ekki fram undir nafni.

—  
„Einu sinni var mér sagt að hann væri á Landspítalanum en í ljós kom að hann var sofandi inni á herbergi. Hann hefur sagt mér að á sig hafi verið ráðist en ég veit ekki hvort það er rétt.“  
—

—  
Öröttur á báðum handleggjum. Það er óviðunandi að ein manneskja hafi helgarvakt á öllum þessum sambýlum.“

Hvernig var líðan þín þegar ástandið var sem verst?

„Ómurlæg. Ég verð alltaf að halda áfram mínu lífi, hvernig sem á stendur. Ég græt heilu og hálfu næturnar og oft hefur hann hótað mér. Þessi veikindi hafa staðið í sautján ár og þau hafa mikil áhrif á alla aðstandendur.“

Móðirin segir son sinn stundum sjálfan hafa farið frá Geðhjálpi inn á geðdeild. „Einu sinni var mér sagt að hann væri á Landspítalanum en í

Þegar móðirin er beðin að lýsa aðstæðum sonar síns hjá Geðhjálpi betur, segir hún: „Það var ekki fylgst með hvort hann tæki lyfin sín og ef hann er lyfjalaus verður allt vitlaust. Hann er feginn að vera kominn frá Geðhjálpi, hann svaf kannski allan daginn og reykti endalaust og herbergið hans var eftir því. Hann skar sig ítrekað á puls og er



**BÁRUGATA 19**

Í þessu húsi var sonurinn. Nú er hann á geðdeild þar sem honum líður vel

ljós kom að hann var sofandi inni á herbergi. Hann hefur sagt mér að á sig hafi verið ráðist en ég veit ekki hvort það er rétt. Einu sinni mætti hann of seint í mat og var þá refsað með að fá ekki að borða í eina helgi. Ég sagðist koma með mat handa honum en var tilkynnt að ég yrði dregin út á rassgatinu ef ég léti sjá mig. Ég fór nú samt, en ekki ein, ég

þorði það ekki.“

Móðirin segir að hún hafi misst mann sinn fyrir mörgum árum og annar sonur hennar hafi tekið líf sitt fyrir fjórum árum. Þessi dauðsföll hafi haft slæm áhrif á veika soninn.

En þegar honum líður hvað verst, kemur þá fyrir að þú hugsir hvort hann sé betur kominn dáinn en lifandi?

„Já, ég geri það. Ég get bara ekki hugsað mér að missa tvo syni fyrir eigin hendi. Auðvitað hef ég hugsað það. Þetta er ekkert líf en hann hefur það gott þar sem hann er núna.“ ■